

Fréttapistill frá forseta Íslands

5. október 2020

Á miðnætti gengu í gildi hertari varnir gegn veirunni skæðu. Ég hvet alla landsmenn til að kynna sér þær vel á vefnum www.covid.is. Við skulum öll leggja allt okkar af mörkum til þess að halda smitum í lágmarki. Það gerist aðeins ef við sinnum eignum sóttvörnum eftir bestu getu, þvolum hendur og sprittum, virðum fjarlægðarmörk og önnur tilmæli, og forðumst með öllu mannamót ef við finnum fyrir þekktum sjúkdómseinkennum, hita, þurrum hósta og almennri vanlíðan.

Þeim fjölgar núna sem veikjast illa af völdum veirunnar, þeim sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús og njóta þar þjónustu okkar ágæta heilbrigðisstarfsfólks. Við finnum einnig flest að þótt fólk vilji vera að liði gætir vaxandi óþreyju í samfélaginu, jafnvel gremju. Vissulega getur verið hægðarleikur fyrir þá, sem ekki þurfa að axla ábyrgð á aðgerðum, að benda á sitthvað í okkar sóttvörnum sem mætti vera öðruvísi, finna heimildir á netinu um önnur viðbrögð annars staðar og þar fram eftir götunum. Brýnast er þó að við gerum sjálf það sem í okkar valdi stendur til að halda veirunni í skefjum. Ég sendi öllum, sem sýkst hafa, bestu óskir um góðan bata og stuðningskveðjur sendi ég öllum þeim sem glíma við þennan vágast í þágu okkar allra, inni á sjúkrahúsum, á heilsugæslustöðvum og víðar í samfélaginu öllu. Við skulum öll reyna að létta þeim verkið með því að sinna okkar eigin sóttvörnum og fara að eigin frumkvæði og hyggjuviti eftir leiðbeiningum og tilmælum sem gagnast samfélaginu í heild. Verum hluti lausnarinnar, ekki vandans.

Í nýliðinni viku hófust mín embættisstörf með ríkisráðsfundi á Bessastöðum. Fundir ríkisráðs eru formlegir og formfastir og gegna að því leyti mikilvægu hlutverki í stjórnskipun landsins. Þar skal bera upp fyrir forseta öll lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir, eins og segir í tilskipun um starfsreglur ríkisráðs sem er reyndar frá árinu 1943 þegar Ísland var konungsríki. Fram að seinni heimsstyrjöld sigldi forsætisráðherra eftir þinglok til fundar við konung í ríkisráði með samþykkt lög og stjórnarráðstafanir til staðfestingar. Síðustu áratugi hefur ríkisráð komið saman að jafnaði tvisvar á ári, fyrir utan fundi sem boða þarf til vegna ríkisstjórnarskipta. Fyrstu ár lýðveldisins voru fundir í ríkisráði mun oftar en nú er raunin enda sá Sveinn Björnsson forseti fyrir sér að lög væru helst ekki staðfest utan ríkisráðs. Öll er þessi saga fróðleg og því má eflaust halda fram að virðingarvert sé að halda í þennan sögulega þráð í okkar stjórnskipun. Um leið má eflaust einnig halda því fram að starfshættir ríkisráðs og tilskipun þar um megi taka breytingum í tímans rás. Þannig var sá siður tekinn upp fyrir fjórum árum að rita fundargerð þess á tölvu í stað þess að ríkisráðsritari (ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti) færði hana eigin hendi. Sagnfræðingar geta borið vitni um að allur gangur hefur verið á því hversu læsileg eða ólæsileg rithönd ríkisráðsritara hefur verið.

Ríkisráðsfundurinn á mánudaginn var má teljast merkur að því leyti að ríkisráð sat ekki við það borð sem gjarnan hefur verið nýtt við ríkisráðsfundi frá lýðveldisstofnun. Borðið er smíðað úr eik og keypt á Englandi í seinni heimsstyrjöldinni. Pétur Benediktsson, sem þá var sendiherra þar ytra, keypti borðið og ýmsan húsbúnað fyrir

embætti forseta sem þá hillti undir. Borðinu var komið fyrir á skrifstofu Sveins Björnssonar, sem þá var í Alþingishúsinu, og hittist ríkisráð þar, vikulega eða þar um bil fyrstu árin. Sá hængur var þó á að Sveini fannst fara fullmikið fyrir borðinu og lét hann því færa það úr skrifstofunni milli ríkisráðsfunda. Fékk það því heitið „Jóhann landlausi“ eftir Englandskonungi á þrettánda öld sem erfði engin lönd og missti flest þeirra sem hann síðar réð yfir. Þegar bókhöfðu var bætt við Bessastaðastofu í tíð Ásgeirs Ásgeirssonar fékk húsgagnið, sem einnig er gjarnan nefnt ríkisráðsborð, fastan sess þar. Það er þó fært yfir í móttökusal staðarins þegar ríkisráð kemur saman. Reglur um fjarlægð milli fólks réðu því hins vegar í nýliðinni viku að nota þurfti stærra borð í þetta sinn eins og sést á mynd sem hér fylgir að neðan.

Á mánudaginn var héldu nemendur víða um land upp á evrópska tungumáladaginn. Þeirra á meðal voru hress ungmenni í Sunnulækjarskóla á Selfossi. Þau höfðu samband og ég sendi þeim stutta kveðju, hvatti þau til að kynna sér töfraheim ólíkra tungumála og minnti á það hvernig tungumál tengjast sögu Bessastaða. Vel má vera að Snorri Sturluson hafi lesið einhver sinna latínurita hér þegar hann átti staðinn á þrettánda öld og kannski hugsað um hvað hann ætti að skrifa næst í Heimskringlu eða Eddu sinni. Löngu síðar sat Sveinbjörn Egilsson staðinn og þýddi Hómer og fleiri höfuðskáld heimsins. Jónas Hallgrímsson var hér á skólabeck, svo kom Theodóra Thoroddsen og samdi þulur sínar frægu og þannig mætti lengi telja. Tungumál tengja heima og tungumál tengja hið liðna við samtímann. Nú hefur þurft að fella niður skólalald í flestum bekkjum Sunnulækjarskóla vegna veirusmita og sendi ég starfsfólki og nemendum góðar kveðjur – og að sjálfsgöðu sendi ég hlýjar kveðjur í alla skóla landsins.

Þriðjudaginn 29. september tók ég á móti nýjum sendiherra Svíþjóðar, Pär Ahlberger, sem afhenti trúnaðarbréf sitt hér á Bessastöðum. Ræddum við meðal annars um samskipti Íslendinga og Svía í áranna rás, aukinn áhuga stjórnvalda í Stokkhólmi á málefnum norðurslóða og almenna þróun mála á alþjóðavettvangi.

Daginn eftir flutti ég opnunarávarp á Nýsköpunarviku, merkum viðburði sem nú stendur yfir og hvet ég alla til að kynna sér það sem þar er í boði, sjá <https://www.nyskopunarvikan.is/>. Oft var þörf að nýskapa en nú er nauðsyn. Þessi dagur, 30. september, er alþjóðadagur þýðenda og kallast á við evrópska tungumáladaginn sem áður var getið. Þýðendur gegna mikilvægu hlutverki í menningu þjóða og alþjóðasamfélags og færi ég þeim góðar kveðjur.

Fimmtudaginn 1. október var Alþingi sett. Eftir að ég hafði sett þingið flutti ég ávarp, nefndi þar mikilvægi samstöðu á vallyndum veirutímum en vék máli mínu einnig að endurskoðun stjórnarskrárinnar, einu þeirra mála sem þingheimur mun fjalla um á þessum vetri. Minnti ég ekki síst á það hvernig stjórnarskrá er breytt í okkar stjórnskipan og kvað brýnt að þingmenn gætu tekið tillögur að stjórnarskrárbreytingum til efnislegrar umræðu og afgreiðslu. Ávarpið má lesa og sjá á heimasíðu forsetaembættisins, <https://www.forseti.is/.../2020-10-01-setning-al%C3%BEingis/>, en hér er hluti þess:

„Já, samstaða getur verið lofsverð, hún getur reynst kraftmikið hreyfiafl. En hitt getur líka gerst að viljinn til samstöðu hamli breytingum, leiði til kyrrstöðu. Illt væri að una við það til eilífðarnóns í mikilvægum málum að engu skuli hnikað vegna þess að full

eining sé ekki fyrir hendi. Þannig synjunarvald samræmist vart lýðræðislegum stjórnarháttum.

Sannfæring getur verið eins lofsamleg og samstaða – en er samt ekki varhugavert að standa gegn breytingum ef þær fullnægja ekki óskum fólks og þörfum í einu og öllu? Þannig synjunarvald virðist ekki heldur til framfara fallið, sú leið til stöðnunar að hafna málamiðlunum og áfangasigrum, að velja frekar það versta en það næstbesta.

Á Alþingi er þungamiðja hins pólitíska valds á Íslandi. Í stjórnskipun okkar er málum nú svo háttað, eins og alkunna er, að verði breytingar á stjórnarskrá samþykktar hér þarf nýtt þing að staðfesta þá niðurstöðu að loknum almennum kosningum. ...

Mikil er hún því ætíð, ábyrgð Alþingis á þessum vettvangi. En nú um stundir virðist brýnast að þingmenn sýni í verki að þeir geti tekið þær tillögur að breytingum á stjórnarskrá, sem fram koma, til efnislegrar afgreiðslu. Vangeta gæti jafnvel talist þinginu til vansa.

Ég ítreka góðar óskir mínar til ykkar, ágætu alþingismenn. Vissulega eru blikur á lofti í þjóðlífinu en við höfum séð það svartara og njótum þess að hér eru meginstoðir samfélagsins traustar. Við eigum auðlindir til sjávar, sveita og heiða, að ekki sé minnst á auðæfi hugar og handar. Við skulum því bera okkur vel þótt úti séu stormur og él.“

Síðastliðinn föstudag bárust þær fregnir að forsetahjónin í Bandaríkjunum, Donald og Melania Trump, hefðu sýkst af kórónuveirunni. Sendi ég þeim óskir um góðan bata. Þann dag hélt ég einnig til Þingvalla. Fáir staðir njóta sín eins vel í haustlitum og sú náttúruperla, sögufrægasti vettvangur okkar Íslendinga. Ég fræddist um uppbyggingu þjóðgarðsins þar og framtíðaráform í fylgd Torfa Stefáns Jónssonar verkefnastjóra.

Ég ítreka þá ósk mína að við sýnum áfram hvað í okkur býr, íbúar þessa lands, að við hugum hvert og eitt að okkar eigin sóttvörnum, sýnum samstöðu og tókum tillit til annarra. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.